

Dags. fundar: 30. nóvember 2015.	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 56
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Erindi til nefndarinnar eftir ÍM25
2. Félagamót.
3. Sundskóli FINA.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Hilmar Th. Björgvinsson, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

Boðuð forföll: Jón Hjaltason, Ólafur Baldursson og Elsa María Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

1. Eftir ÍM25 barst nefndinni erindi sem nefndin þarf aðeins meiri skýringar á og mun ósk þar um verða send skrifstofu SSÍ en það er samhljóða álit nefndarinnar að yfirdómara beri alltaf að fara eftir þeim reglum sem mót eru auglýst undir sbr. FINA reglur og geta undanteknr þar á ekki orðið.
2. Enn og aftur veltir nefndin fyrir sér uppsetningu á mótum sundfélaganna. Er ekki hægt að setja mótin þannig upp að ungir og minna reyndir sundmenn séu ekki látnir synda langar greinar eða greinar sem þau ráða engan veginn við? Sundmenn eru hvað eftir annað dæmdir ógildir í þannig greinum og stundum sami sundmaðurinn aftur og aftur.
3. Borist hefur til nefndarinnar að FINA hafi samþykkt að halda sundskóla hér á landi í febrúar. Hvetur nefndin til að strax verði brugðist við þar sem eins og staðan er núna er bara ein helgi laus í febrúar vegna sundmóta.

Fylgiskjöl: Engin

Fundi slitið kl: 18.15.

Næsti fundur: mánudaginn 25. janúar 2016 , kl. 17.15 í Laugardalslaug.